

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

31. október 2025
UOS2501420/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. september 2025 – ID 253

Þann 9. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Hábrún hf.. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara. Úrbótaáætlun vegna þessa frávíks barst 8. október 2025 og er frávíkinu lokað.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Fosfórlosun reiknast út frá fóðri 10,3 kg P/tonn sem er yfir mörkum starfsleyfis. Úrbótaáætlun vegna frávíks barst 8. október 2025. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað 6. október 2025 og er frávíkinu lokað.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 voru ófullnægjandi. Fullnægjandi umhverfisupplýsingar bárust 8. október 2025 og er frávíkinu lokað.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits